

2006 nr. 63 13. júní**Lög um háskóla¹⁾**

¹⁾ Lögum var breytt með l. 91/2023, 9. gr. Breytingin tekur gildi 1. apríl 2024 skv. 8. gr. s.l.

Tóku gildi 1. júlí 2006. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 67/2012 (tóku gildi 3. júlí 2012). L. 91/2015 (tóku gildi 5. ágúst 2015 nema 1. og 4.–7. gr. sem tóku gildi 1. júlí 2015). L. 72/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019 nema 9. gr. sem tók gildi 1. jan. 2021; *EES-samningurinn*: XX. viðauki tilskipun 2003/4/EB). L. 46/2021 (tóku gildi 8. júní 2021). L. 89/2021 (tóku gildi 8. júlí 2021). L. 91/2023 (taka gildi 1. apríl 2024 nema brbákv. I, 3. mgr. brbákv. II og brbákv. IV sem tóku gildi 16. des. 2023).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra** eða **háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið. Hlutverk háskóla.**■ 1. gr.**

□ Lög þessi taka til skóla sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi og hlotið hafa viðurkenningu . . . ,¹⁾ sbr. 3. gr.

¹⁾ L. 91/2015, 10. gr.

■ 2. gr.

□ Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknnum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti [með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi].¹⁾ Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

□ Háskólar mennta nemendur með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknnum og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast [fræðilegra]¹⁾ vinnubragða, þekkingar og færni. [Háskóli undirbýr nemendur til ábyrgðar þátttöku í lýðræðissamfélagi].¹⁾ Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð.

□ [Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið.]¹⁾

¹⁾ L. 67/2012, 1. gr.

■ [2. gr. a.]

□ Háskólum er skylt að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Fræðilegt sjálfstæði dregur ekki úr ábyrgð starfsmanna á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum viðkomandi háskóla. Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé.

□ Háskólar skulu setja sér siðareglur, m.a. um réttindi og skyldur starfsmanna skv. 1. mgr.¹⁾

¹⁾ L. 67/2012, 2. gr.

II. kafli. Viðurkenning háskóla.**■ 3. gr.**

□ [Háskóla má reka sem ríkisstofnun, sjálfseignarstofnun eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Ríkisrekinn háskóli er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir ráðherra nema yfirstjórn hennar sé falin öðrum ráðherra með lögum. Háskóli skal ekki rekinn með fjárhagslegan ágóða að markmiði.

□ Ráðherra veitir háskólum viðurkenningu að uppfylltum

skilyrðum laga þessara. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að veita slíka viðurkenningu.

□ Ráðherra gefur út reglur¹⁾ um viðurkenningu háskóla sem byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Í þeim skulu tilgreind skilyrði sem háskólar skulu fullnægja til að öðlast viðurkenningu. Skilyrðin lúta að eftirtöldum þáttum:

- hlutverki og markmiðum háskóla,
- stjórnskipan og skipulagi,
- fyrirkomulagi kennslu og rannsókna,
- hæfisskilyrðum starfsmanna,
- inntökuskilyrðum og réttindum og skyldum nemenda,
- aðstöðu kennara og nemenda og þjónustu við þá, þ.m.t. fatlaðra nemenda,

g. innra gæðakerfi,

h. lýsingu á inntaki náms út frá þekkingu, leikni og hæfni við námslok,

i. fjárhag.

□ Viðurkenning háskóla er bundin við tiltekin fræðasvið og undirflokk þeirra.

□ Háskóli skal sækja um heimild til ráðherra óski hann eftir viðurkenningu til að stunda kennslu eða rannsóknir á öðru fræðasviði en viðurkenning hans nær þegar til. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að veita slíka viðurkenningu. Háskólar geta eingöngu starfað á fræðasviðum sem viðurkenning þeirra nær til.

□ Ráðherra skipar þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um umsóknir um viðurkenningu er taki til einstakra fræðasviða. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að skipa nefndina.

□ Hyggist háskóli láta af kennslu eða rannsóknnum á tilteknu fræðasviði skal ráðuneytinu eða eftir atvikum Menntamálastofnun tilkynnt um það. Hafi ekki verið stunduð kennsla eða rannsóknir í tvö ár samfleytt á fræðasviði, sem viðurkenning háskóla nær til, fellur viðurkenning háskólans á því fræðasviði úr gildi.

□ Í viðurkenningu háskóla felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi háskóla sé í samræmi við lög þessi og reglur sem settar kunna að vera með stoð í þeim. Viðurkenning felur ekki í sér að stjórnvöld séu skuldbundin til að veita fé til viðkomandi háskóla. Engri stofnun er heimilt að starfa á Íslandi undir heitinu háskóli nema hún hafi hlotið viðurkenningu ráðherra eða eftir atvikum Menntamálastofnunar.

□ Ráðherra skal setja reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að setja slíkar reglur.²⁾

¹⁾ Rgl. 1067/2006. ²⁾ L. 91/2015, 10. gr.

■ 4. gr.

□ Uppfylli háskóli, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki ákvæði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra eða þær kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna getur [ráðherra]¹⁾ afturkallað viðurkenningu á einstökum fræðasviðum eða að fullu. [Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast afturköllun samkvæmt þessari grein.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 430. gr. ²⁾ L. 91/2015, 10. gr.

■ 5. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ gefur út formleg viðmið²⁾ um æðri menntun og prófgráður. Viðmið um æðri menntun og prófgráður eru kerfisbundin lýsing á prófgráðum og lokaprófum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, [leikni og hæfni]³⁾ sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok.

Í þeim skulu koma fram þau skilyrði sem háskólum ber að uppfylla á hverju námsstigi. Háskólum ber að birta sambærilegar lýsingar fyrir hverja námsleið á þeirri þekkingu, [leikni og hæfni]³⁾ sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok.

...³⁾
¹⁾ L. 126/2011, 430. gr. ²⁾ Augl. 530/2011. Augl. 400/2021. ³⁾ L. 67/2012, 4. gr.

III. kafli. Námsframboð og prófgráður.

■ 6. gr.

□ Kennsla í háskólum skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í stöðluðum námseiningum. Að jafnaði svara 60 námseiningar til fulls náms á ársgrundvelli og endurspegla alla námsvinnu nemenda. Námi á háskólastigi skal ljúka með prófgráðu eða öðru lokaprófi sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem áskilin eru. Við útskrift skulu nemendur fá viðauka með prófskríteinum.

■ 7. gr.

□ Háskólar ákveða fyrirkomulag kennslu, rannsókna, náms og námsmats.

□ Háskólar ákveða hvaða nám þeir bjóða innan síns fræðasviðs [og undirflokka þeirra].¹⁾ Viðurkenndar prófgráður og lokapróf, sem háskólar miða við, eru:

a. diplómapróf sem jafngildir a.m.k. 30–120 stöðluðum námseiningum,

b. bakkalárpróf sem jafngildir a.m.k. 180–240 stöðluðum námseiningum,

c. meistara- eða kandídatspróf sem jafngildir a.m.k. 90–120 stöðluðum námseiningum til viðbótar bakkalárprófi eða jafngildi þess,

d. doktorspróf sem jafngildir að lágmarki 180 stöðluðum námseiningum til viðbótar tilskildum einingafjölda til meistara- eða kandídatsprófs.

□ ...¹⁾ Háskólar geta skilgreint nám sem felur í sér starfsþjálfun til námseininga á námsstigum skv. 2. mgr.

□ [Háskólar skulu leita heimildar ráðherra til að bjóða nám til doktorsprófs. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að veita slíkar heimildir. Skal sýnt fram á að viðkomandi háskóli uppfylli viðeigandi kröfur og skilyrði sem tilgreind eru í reglum²⁾ um doktorsnám í háskólum. Ráðherra eða Menntamálastofnun, samkvæmt ákvörðun ráðherra, skipar þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um hæfi háskóla til að veita doktorsgráður.]³⁾

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 67/2012, 5. gr. ²⁾ Rgl. 37/2007. Rgl. 822/2022. Rgl. 666/2023. ³⁾ L. 91/2015, 10. gr.

■ 8. gr.

□ Háskólar skulu reglulega gera grein fyrir því opinberlega hvernig tryggt er að það nám, sem þeir bjóða, uppfylli viðmið um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr.

□ [Við undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða skal háskóli senda ráðuneytinu eða Menntamálastofnun, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra, upplýsingar um hvernig námið uppfyllir viðmið um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2015, 10. gr.

■ 9. gr.

□ Háskólar, sem starfa á grundvelli laga þessara, skulu gera með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta [og námsleiða].¹⁾ Þeir skulu hafa með sér samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Háskólum er heimilt að veita prófgráður skv. 7. gr. í samstarfi við

aðra háskóla, innlenda sem erlenda. [Með þeim hætti skulu háskólar á Íslandi leitast við að vinna saman til að nýta sem best opinberar fjárveitingar og styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi.]¹⁾

¹⁾ L. 67/2012, 7. gr.

■ 10. gr.

□ Heimilt er háskólum að meta til eininga nám sem fram fer í [öðrum viðurkenndum háskólum og rannsóknastofnunum].¹⁾ Jafnframt er [háskólum heimilt í undantekningar-tilvikum að meta til eininga námskeið]¹⁾ sem fram fer við aðra skóla og rannsóknastofnanir enda ábyrgist þeir að námið uppfylli sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga þessara. [Farið skal að alþjóðlegum samningum um viðurkenningu á háskólamenntun og hæfi sem íslensk stjórnvöld eru aðilar að.]¹⁾

¹⁾ L. 67/2012, 8. gr.

IV. kafli. Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

■ 11. gr.

□ Markmið eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum er:

a. að tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt,

b. að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt,

c. að bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt,

d. að stuðla að aukinni ábyrgð háskóla á eigin starfi,

e. að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

□ Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna fer annars vegar fram með innra mati háskóla og hins vegar með reglubundnu ytra mati. [Ráðherra]¹⁾ setur reglur²⁾ um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

¹⁾ L. 126/2011, 430. gr. ²⁾ Rgl. 1368/2018.

■ 12. gr.

□ Háskóli sinnir kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats. Innra mat háskóla og eininga innan hans skal vera reglubundið og snúa að stefnu og markmiðum, inntaki náms, kennslu, kennsluháttum, námsmati, rannsóknum, árangri rannsókna, aðbúnaði, stjórnun og ytri tengslum. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi háskóla, eftir því sem við á.

□ Háskóli skal birta upplýsingar um innra gæðastarf skólans.

■ 13. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Jafnframt getur [ráðherra]¹⁾ ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til.

□ Ytra matið getur náð til háskóla í heild, einstakra vísinda- og fræðasviða, deilda, námsbrauta eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi háskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra háskóla í senn.

□ Samráð skal haft við viðkomandi háskóla um ytra mat og skulu háskólar leggja fram þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir. Matskýrslur, sem unnar eru samkvæmt lögum þessum, skulu birtar, auk greinargerðar um hvernig viðkomandi háskóli hyggst bregðast við niðurstöðum matsins.

¹⁾ L. 126/2011, 430. gr.

■ 14. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur falið nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærur aðilum, innlendum eða erlendum, að annast almenna [umsjón]²⁾ með ytra mati á kennslu og rannsókn-um. [Ráðherra er heimilt að setja reglur um fyrirkomulag ytra mats á háskólum.]²⁾

□ Framkvæmd ytra mats skal falin óháðum aðila. [Að því mati skulu koma óháðir sérfræðingar og fulltrúi nemenda.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 430. gr. ²⁾ L. 67/2012, 9. gr.

V. kafli. Stjórnskipan háskóla.

■ 15. gr.

□ [Yfirstjórn háskóla er falin háskólaráði og rektor eftir því sem nánar er kveðið á um í sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða öðrum stofnskjölum háskóla. Í stjórnskipulagi háskóla skal gert ráð fyrir setu nemenda og kennara í þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um kennslu, rannsóknir og gæðamál. Rektor skal uppfylla kröfur 1. mgr. 18. gr. sem háskólakennari á einu eða fleiri viðurkenndum fræðasviðum viðkomandi háskóla.]¹⁾

□ Að öðru leyti fer um stjórnskipan háskóla eftir sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða stofnskjölum háskóla.

¹⁾ L. 67/2012, 10. gr.

■ 16. gr.

□ [Yfirstjórn háskóla skal tryggja að fulltrúar kennara, nemenda og annars starfslíðs geti tekið þátt í ráðgefandi vettvangi um fagleg málefni innan háskólans sem og tekið þátt í fræðilegri stefnumótun.]¹⁾

¹⁾ L. 67/2012, 11. gr.

VI. kafli. Starfslíð háskóla.

■ 17. gr.

□ Starfsheiti kennara við háskóla skulu vera prófessor, dósent, lektor og aðjunkt. Háskólaráð getur sett nánari reglur¹⁾ um þessi og önnur starfsheiti sem það ákveður að nota.

¹⁾ Rgl. 724/2023.

■ 18. gr.

□ Háskólar skulu setja á fót dómnefnd til að meta hæfi prófessora, dósent, lektora og sérfræðinga. [Þeir sem bera framangreind starfsheiti skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með álit dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla.]¹⁾ Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

□ [Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa doktorsprófi úr háskóla eða aflað sér jafngildrar þekkingar og reynslu.]¹⁾ Í dómnefnd skal sitja a.m.k. einn fulltrúi sem ekki starfar við viðkomandi háskóla.

□ Nánari fyrirmæli um dómnefndir, kröfur til kennara, hæfi þeirra og starfsskyldur eru sett í sérlög, samþykktir, skipulagsskrár eða stofnskjal háskóla.²⁾

¹⁾ L. 67/2012, 12. gr., sbr. einnig brbákv. 1 í s.l. ²⁾ Rgl. 724/2023.

VII. kafli. Nemendur.

■ 19. gr.

□ Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða [staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniþrepi].¹⁾ Heimilt er háskólum að innrita nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla. Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

□ [Í reglugerð sem ráðherra gefur út er heimilt að mæla fyrir um samræmt fyrirkomulag innritunar á landsvísu, meðferð

umsókna og auglýsingu umsóknarfrests um skólavist í háskólum. Áður en reglugerðin er gefin út skal háskólum gefinn kostur á að veita umsögn um efni hennar.]²⁾

□ Heimilt er að ákveða sérstök inntökuskilyrði til að hefja nám í háskóla, þar á meðal að láta nemendur, sem uppfylla skilyrði 1. mgr., gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

□ Háskólum er heimilt, að fengnu samþykki [ráðuneytisins],³⁾ að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla. [Ráðherra er heimilt að gefa út reglur⁴⁾ um aðfaranám í háskólum.]²⁾

□ Að fenginni umsögn samtaka nemenda í viðkomandi háskóla setur háskólaráð reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.

□ [Háskólar skulu veita fötluðum nemendum, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er. Háskólar skulu jafnframt leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.]²⁾

¹⁾ L. 46/2021, 1. gr. ²⁾ L. 67/2012, 13. gr. ³⁾ L. 126/2011, 430. gr. ⁴⁾ Rgl. 835/2019.

■ 20. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólana sem í eiga sæti þrjú menn skipaðir til tveggja ára í senn; einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum háskólanema og einn skipaður án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

□ Um málskot til áfrýjunarnefndar gilda ákvæði VII. kaffla stjórnisýslulaga. Máli háskólanema verður þannig ekki skotið til nefndarinnar nema fyrir liggi endanleg ákvörðun háskóla um rétt eða skyldu nemandans. Þó er nemandi heimilt að bera undir nefndina hvort málsmeðferð háskóla á skriflegu erindi hans hafi verið í samræmi við lög og góða stjórnisýsluhætti, og skal nefndin þá veita álit sitt um það efni.

□ Áfrýjunarnefndin endurmetur ekki prófúrlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara.

□ Úrskurðir áfrýjunarnefndar eru endanlegir á stjórnisýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja nánari reglur²⁾ um störf áfrýjunarnefndar.

¹⁾ L. 126/2011, 430. gr. ²⁾ Rgl. 550/2020.

VIII. kafli. Fjárhagsmálefni.

■ 21. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að gera samninga til 3–5 ára í senn um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu [ráðuneytisins]¹⁾ samkvæmt lögum þessum. Slíkir samningar eru skilyrði fyrir veitingu fjárframlaga til viðkomandi háskóla.

□ Í samningum skal kveðið á um eftirfarandi:

a. skilmála sem [ráðuneytið]¹⁾ setur fyrir veitingu fjárframlaga til háskólans,

b. skilgreiningu á þeirri kennslu- og rannsóknastarfsemi sem ríkissjóður greiðir fyrir,

c. helstu áherslur í starfi háskólans og sameiginleg markmið samningsaðila,

d. önnur verkefni sem háskólinn innir af hendi samkvæmt samningnum,

e. ...²⁾

□ ...²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 430. gr. ²⁾ L. 67/2012, 14. gr.

■ **22. gr.**

□ [Ráðherra]¹⁾ setur reglur um fjárframlög til háskóla. Skal þar kveðið á um nám og rannsóknir sem fjárveitingar renna til, vægi námsgreina, umfang rannsókna og aðra þætti sem fjárveitingar skulu taka mið af.

□ Kveðið skal á um gjaldtökuheimildir í ríkisháskólum, sem heyra undir [ráðherra],¹⁾ í sérlægum sem um þá gilda.

¹⁾ L. 126/2011, 430. gr.

■ **23. gr.**

□ Árlega skal hver háskóli, sem nýtur fjárframlaga úr ríkissjóði, halda opin ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt.

IX. kafli. Önnur ákvæði.

■ **24. gr.**

□ [Hver háskóli skal birta opinberlega lista yfir prófgráður sem eru í boði hverju sinni.]¹⁾ Háskóli skal gefa út kennsluskrá fyrir hvert kennsluár þar sem birt er yfirlit og upplýsingar um öll einingabær námskeið og prófgráður sem skólinn veitir.

¹⁾ L. 67/2012, 15. gr.

■ **25. gr.**

□ Háskóla ber að varðveita upplýsingar um námsferil þeirra sem þar stunda eða hafa stundað nám. Þeim ber einnig að láta í té þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna opinberrar tölfræðivinnu og hagskýrslugerðar. [Háskóla er skylt að láta ráðuneytinu í té allar þær upplýsingar og gögn sem það þarfnast vegna eftirlits með starfsemi hans og fjármálum. [Um skjöl háskóla fer að lögum um opinber skjalasöfn.]¹⁾ Ef starfsemi háskóla er lögð niður eða færð undir aðra stofnun skulu skjöl hans færð til Þjóðskjalasafns.]²⁾

¹⁾ L. 72/2019, 21. gr. ²⁾ L. 67/2012, 16. gr.

■ **26. gr.**

□ Rektorar háskóla, sem hafa fengið viðurkenningu [ráðu-

neytisins],¹⁾ skipa sérstaka samstarfsnefnd háskólastigsins. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um málefni er varða starfsemi og hagsmuni hlutaðeigandi háskóla. Nefndin skal veita umsögn í málum sem [ráðherra]¹⁾ eða einstakir háskólar vísa þangað. Nefndin setur sér nánari starfsreglur sem [ráðherra]¹⁾ staðfestir.

¹⁾ L. 126/2011, 430. gr.

■ **[26. gr. a.]**

□ Háskólum er heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er um umsækjendur og nemendur til að sinna lögbundnu hlutverki sínu, þ.m.t. vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar nemenda í tengslum við inntöku og vegna þeirrar þjónustu sem til þarf skv. 19. gr. Háskólum er heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt þykir í tengslum við meint brot sem geta leitt til brottrekstrar nemenda og annarra viðurlaga. Háskólum er heimil vinnsla upplýsinga um þjóðernislegan bakgrunn nemenda sem eru af erlendu bergi brotnir í þeim tilgangi að styðja við þá og komast hjá brotthvarfi þeirra.]¹⁾

¹⁾ L. 89/2021, 12. gr.

X. kafli. Gildistaka o.fl.

■ **27. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. . . .

■ **28. gr. . . .**

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Háskólar, sem starfa samkvæmt starfsleyfi menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 136/1997, um háskóla, og Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands, sem starfa samkvæmt sérlægum, skulu innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara hafa öðlast viðurkenningu, sbr. 3. gr., er nái til þeirra fræðasviða sem starfsemi þeirra tekur til.

□ Endurskoða skal lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara til að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi.